

Ráðherra, góðir gestir och våra föreläsare från Norge och Sverige önskar jag hjärtligt välkomna.

Fáar þjóðir hafa verið jafn háðar hafinu og Íslendingar. Af hafi komu þeir - fyrstu íbúar þessa lands – til hafs sigldu þeir aftur til að afla sér mennta, tekna og vista og til hafs er enn haldið til að draga björg í bú.

Við stendur landsins var komið upp aðstöðu til að taka á móti afla. Það var saltað, flakað og kæst, pakkað, staflað og selt, drukkið, dansað og kysst. Ljósker og vitar lýstu leið til hafnar og í misvistlegum verbúðum þrefst marglit mannlífsflóran.

“Tíminn er eins og vatnið og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund mín sjálfs.” Þessi örstutta tilvitnun er út *Tímanum og vatninu* eftir Stein Steinarr. Við sem erum eyjabúar og höfum búið við haf og ótakmarkað vatn alla tíð, vitum að vatnið, hafið, er spegill sálarinnar. Og vatnið er síbreytilegt eins og innra líf mannsins, háð birtu, skýjum, vindi og snertingu. Kínverjar kalla þetta feng súi, við skulum bara kalla það strandmenningu. Kalla það forréttindi þeirra sem eiga strönd og haf.

Og víst erum við hér saman komin til að ræða um strandmenningu, sem trúlega er of samofin okkur – of nálægt okkur - til að orðið strandmenning hafi ratað í orðabækur.

Og væntanlega er minningin um þann mikla toll mannlífa sem hafið hefur tekið of fersk til þess að við lítum á það sem leikvöll afþreyingar. Lífsbarátta fólks sem við stendurnar bjó var ekki alltaf dans á rósum og mannseðlið er nú einu sinni þannig að við viljum gleyma, þurrka burt, það sem við ekki getum hugsað til með stolti.

Það er því miður svolítið líkt okkur mönnunum, a.m.k. Íslendingum, að fjalla um það sem er að glatast eða það sem er okkur glatað. Við fórum t.d. að átta okkur á mikilvægi Bernhöftstorfunnar þegar hún brann og þegar það átti að fara að rífa alla húsalengjuna. Þá var blásið til ráðstefnu. Þegar Skipasafn Íslands hafði brunnið og nýsköpunartogararnir voru horfnir með Skaftfellingi og fleiru góðu, þá blásuð við til ráðstefnu. Þegar starf vitavarðarins er nánast horfið þá stofnum við vitafélag.

En er eitthvað að því? Nei, það er ekkert að því en við erum svo oft blind á það sem við höfum og notum daglega að við komum ekki auga á marggildi þess. Sjáum ekki að það er nær undantekningalaust hægt að nota hluti á marga vegu. Við þurfum ekki að bíða þess að tíminn sveipi söguna rósrauðu ský.

Staðreyndin er sú, að á meðan nýsköpunartogararnir lönduðu fullfermum sínum datt engum í hug að það gæti verið mikilvægt einn daginn að varðveita eitt stykki fyrir framtíðina. Það er álíka fjarlæggt og að heimta friðun á ljóta blokk í vafasömu hverfi, bara af því hún á að tala til okkar síðar.

Nei, það er ekkert að því að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Hvort sem það eru strandmenjar að Seltatöngum eða fiskibyrgi að Gufuskálum, gamall bátur eða slippur sem hætt er að nota.

Alla þessa hluti er hægt að nota og nýta til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. En til þess þurfum við virðingu fyrir eigin uppruna og sögu og frjótt ímyndunarafli.

Þó maðurinn hafi kosið eða neyðst til að yfirgefa friðsældina, þá eru nú æ fleiri sem vilja eiga þess kost að geta aftur snúið í kyrrðina. Geta átt þess kost um stund að finna athvarf frá skarkala og neónljósum stórborga. Því leitar maðurinn kyrrðar eins og huldufólkið og vill upplifa gjálfur öldu við fjörustein, náttleysi norðursins, myrkrið, norðurljósín, óveður og brim. Vill upplifa það sem er upprunalegt.

Á sviði ferðapjónustu eru tækifærin á útnárum til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar því mýmörg. Ég trúi því fastlega að stór hluti af þeirri milljón ferðamanna sem sagðir eru ætla að sækja landið heim á næstu árum vilji fremur upplifa íslenska strandmenningu en að horfa á fulla Íslendinga míga á hann Jón á Austurvelli á Dirty weekend í Reykjavík.

Strandmenning er orð sem felur ekki einungis í sér viðleitni til að varðveita það sem elst við þekkjum, heldur einnig og ekki hvað síst löngun til að koma þjóðinni á stefnumót við hafið. Við skulum huga að varðveislu fornra minja og samtímis vinna að siglingarlögum sem gera sem flestum kleift að eiga sér horn og sigla, fyrir seglum eða vél. Við eigum að treysta samband manns við öldu, vind, himinn og fjöll.

Allt tengist þetta strandmenningu, að bera virðingu fyrir því sem vitnar um sjósókn, útgerð og verkun og líf við ströndina.

Sumir telja að við stöndum á tímamótum í útgerðarsögu landsins og kannski hefur aldrei verið eins hollt fyrir okkur að koma saman og huga að rótunum og blása hress og kát til ráðstefnu. Saman getum við breytt hlutunum.

Ég lýsi þessa ráðstefnu setta og býð alla hjartanlega velkomna.

